

## Gjaldskrá Undralands Flúðum fyrir árið 2020

Kjarnatími leikskólans er milli kl. 8-16 á virkum dögum.

1. Gjaldfrelsi er fyrir börn fædd árið 2014 á kjarnatíma leikskólans.
2. Frá hausti 2020, eftir sumarfrí, verða börn fædd árin 2015 og 2016 einnig gjaldfrjáls á kjarnatíma.
3. Leikskólagjöld annarra barna eru eftir því sem hér segir:

Viðvera pr. dag	mánaðargjald
4 klst	14.540 kr
5 klst	18.175 kr
6 klst	21.810 kr
7 klst	25.445 kr
8 klst	29.080 kr

10% álag reiknast á börn yngri en 18 mánaða.

4. Vistunargjald fyrir hverjar 15. mín utan kjarnatíma er 250 kr. pr. dag. hjá þeim börnum sem eru gjaldfrjáls, óbreytt hjá öðrum, 910 kr.pr.mán.
5. Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma/sótt er of seint. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
6. Fæðisgjald er innheimt af öllum börnum og fer gjaldið eftir gjaldskrá mötuneytis Flúðaskóla hverju sinni.

Fyrir árið 2020 verður gjaldið eftirfarandi:

	pr. dag	pr. mán
Hádegisverður	360	7200
Morgunhressing	77	1540
Síðdegishressing	118	2360

7. Afsláttur vegna forgangshópa og systkina er eftirfarandi:

Forgangshópar	25%
Systkinaafsláttur	50%

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldsskyldra systkina á kjarnatíma. <sup>1</sup>

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Ef barn fer í leyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður né afsláttur veittur.

Sama gildir um fæðisgjald.

<sup>1</sup> Tekur gildi 1. ágúst 2020. Þar til reiknast systkinaafsláttur af elsta systkini, óháð gjaldskyldu sbr. gjaldskrá fyrir árið 2019

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur.